

3. gr. 50
Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. 17. maí
des. 1945.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

51

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. 17. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.
2. gr. laganna orðist þannig:

Til byrjunarfrankvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 43 millj. kr.

2. gr.
Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

52

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingarfélags fyrir fiskiskip. 17. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til viðbótarstofnfé, kr. 1½ milljón, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.